


Breyttur sparnaðartími hefur áhrif á val á ávöxtunarleið

- Hvaða ávöxtunarleið hentar ef ég vel að greiða séreign inn á lán?
- Hvernig og hvenær greiðist séreign inn á húsnæðislán?

Samkvæmt lögum sem voru samþykkt á Alþingi í maí 2014 (lög nr. 40/2014) geta einstaklingar og hjón greitt séreignarsparnað með skattaafslætti inn á höfuðstól húsnæðislána í þrjú ár á tímabilinu júlí 2014 til júní 2017. Heimildin takmarkast við allt að 4% framlag launþega og 2% framlag launagreiðanda af launum, þó að hámarki 500 þús. kr. á ári fyrir einstakling en 750 þúsund krónur fyrir hjón eða þá sem uppfylla skilyrði til samsköttunar. Einstaklingar geta þannig á þremur árum greitt allt að 1.500 þúsund krónur inn á húsnæðislán og fengið tæpar 700 þúsund krónur í skattaafslátt en hjón geta greitt 2.250 þúsund krónur og fengið um 1.040 þúsund krónur í skattaafslátt. Flestir sem eru með húsnæðislán ættu að nýta sér þessa heimild vegna skattaafsláttarins sem er búbót sem munar um. Einstaklingar sem eru í fjárhagsvandræðum og hugsanlega á leiðinni í gjaldþrot ættu þó að sleppa því þar sem séreignarsparnaður er lögvarinn eign sem ekki er hægt að ganga að við gjaldþrot.

Einstaklingar sækja um að greiða séreignarsparnað inn á lán á vefsíðunni www.leidretting.is. Á síðunni

Gengispróun ávöxtunarleiða fyrstu þrjú mánuði ársins 2014



Ávöxtunarleiðir séreignarsparnaðar hækka á löngum tíma en inn á milli koma tímabil þar sem gengið lækkar. Fyrstu þrjú mánuði ársins 2014 voru óhagstæðir fyrir flestar ávöxtunarleiðir vegna lækkunar á verðbréfamörkuðum og styrkingar á krónunni. Einungis tvær ávöxtunarleiðir hækkuðu á tímabilinu, Innlánasafn og Ríkissafn stutt.


birtast upplýsingar um húsnæðislán sem heimilt er að greiða inn á og þarf að velja lán sem séreignarsparnaði verður ráðstafað inn á. Vörsluaðilar séreignarsparnaðar sjá síðan um að greiða inn á lánin. Berist umsókn fyrir 1. september 2014 fer fyrsta

greiðsla inn á veðlánið í nóvember og síðan eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Lánveitendum ber að ráðstafa greiðslum frá vörsluaðilum inn á höfuðstól þess láns sem valið er. Ef lán er í vanskilum fer greiðslan eftir hefðbundinni greiðsluröð sam-

kvæmt lánaskilmálunum. Ef einstaklingur hefur notið greiðslu-jöfnunar er fyrst greitt inn á skuld á jöfnunarreikningi. Greiðsla séreignarsparnaðar inn á lán getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur inneign rétthafa vegna greiddra iðgjalda á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Þetta þýðir að hafi inneign lækkað vegna neikvæðrar ávöxtunar geta umsækjendur lent í að húsnæðislán lækki minna en greidd iðgjöld og skattaafsláttur verður lægri en stefnt er að. Það getur því verið ráðlegt að breyta um ávöxtunarleið ef séreignarsparnaður er greiddur inn á lán.

Séreignarsparnaður er í eðli sínu langtímasparnaður og hefur einstaklingum verið ráðlagt að velja sér ávöxtunarleiðir með hliðsjón af því. Söguleg ávöxtun á mörkuðum og fjármálafræði hafa sýnt að á löngum tímaskila þær ávöxtunarleiðir hæstu ávöxtuninni sem sveiflast mest til skamms tíma. Með sveiflum er átt við að verðbreytingar eða að gengi ávöxtunarleiða bæði hækkar og lækkar til skamms tíma. Þeir sem hafa langan sparnaðartíma geta leyft sér að velja ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í hlutabréfum og löngum skuldabréfum og notið þannig hærri langtímaávöxtunar gegn því að taka á sig sveiflur til skamms tíma. Með því að velja að greiða séreign inn á lán breytast forsendur um sparnaðartíma og því ættu þeir sem hafa valið ávöxtunarleiðir sem sveiflast að gera ráðstafanir til að velja leiðir sem sveiflast minna á meðan iðgjöld verða greidd inn á húsnæðislán.

Þriggja mánaða gengisbreytingar 2009–2014



Gengi verðbréfa breytist daglega og ráðast breytingarnar af markaðsaðstæðum hverju sinni. Myndin sýnir þriggja mánaða ávöxtun á árunum 2009–2014. Á tímabilinu hækkuðu allar ávöxtunarleiðir að meðaltali á hverju þriggja mánaða tímabili en inn á milli voru tímabil þar sem gengið lækkaði og önnur þar sem gengið hækkaði mikið.



Í fjármálum er mikilvægt er að grípa góð tækifæri þegar þau bjóðast. Að greiða séreign inn á húsnæðislán er frábært tækifæri sem er ráðlegt að nýta en það gildir með það eins og svo margt annað að það þarf að undirbúa vel. Hér koma nokkrar ráðleggingar.

- Nýttu þér tilboð ríkissjóðs um að greiða séreignarsparnað með skattaafslætti inn á húsnæðislán. Þessi ráðlegging á ekki við þá sem eru í fjárhagsvandráðum og eiga á hættu að verða gjaldþrota.
- Skoðuðu hvaða ávöxtunarleið þú hefur valið fyrir séreignarsparnaðinn þinn. Veldu ávöxtunarleið sem sveiflast lítið til að draga úr líkum á að iðgjöldin lækki áður en þau greiðast inn á húsnæðislán. Þær ávöxtunarleiðir sem sveiflast minnst hjá Almenni lífeyrissjóðnum eru Innlánasafn, Ríkissafn – stutt og Ævisafni III.
- Þegar heimild til að greiða séreignarsparnað inn á húsnæðislán fellur niður um mitt ár 2017 skaltu meta stöðuna aftur og velja ávöxtunarleið með hliðsjón af sparnaðartíma.
- Hafðu samband við ráðgjafa til að fá nánari upplýsingar og ráðgjöf. Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum í sérstök stöðuviðtöl þar sem m.a. er farið yfir ávöxtunarleiðir sjóðsins.

Séreignarsparnaður er mikilvægur sparnaður sem allir ættu að nýta sér vegna mótframlags launa-greiðanda sem bætist við eigið framlag. Að öllu jöfnu er sparnaðurinn lagður fyrir í sérstakan sjóð til að bæta við eftirlaunin eftir að vinnu lýkur. Heimild til að greiða séreignarsparnað inn á lán er tímabundin og

sérstaklega hagstæð vegna skattaafsláttarins sem í boði er. Þeir sem nýta sér þessa heimild munu að öðru óbreyttu eiga minni séreignarsparnað í starfslok til að bæta við eftirlaunin en á móti lækka skuldir og eignarhlutur í fasteign eykst. Mismunurinn er jákvæður sem nemur skattaafslættinum. Mikilvægt

er að gera ráðstafanir til skamms tíma til að fá allan skattaafsláttinn. Til lengri tíma skiptir hins vegar máli að eignaukningin skili sér í auknum kaupmætti þegar vinnu lýkur, annað hvort með því að ganga á eignir eða með lægri afborgunum af lánum.

Hvernig getur Almenni aðstoðað þig?

- Ráðgjafar Almenna lífeyrissjóðsins eru tilbúnir að veita aðstoð og ráðgjöf. Smelltu [hér](#) til að senda tölvupóst og við svörum um fljótlega.
- Almenni lífeyrissjóðurinn er góður kostur fyrir viðbótarlífeyrissparnað. Fylltu út [umsókn](#) um að hefja lífeyrissparnað.
- Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að hitta ráðgjafa á stöðufundi um lífeyrisréttindi og séreignarsparnað. Á stöðufundinum er farið yfir réttindi sjóðfélaga og veitt góð ráð um samsetningu lífeyrisréttinda og séreignarsparnað. Þú getur pantað [stöðufund hér](#).

Almenni lífeyrissjóðurinn • Borgartúni 25 • 105 Reykjavík
Sími 510 2500 • www.almenni.is • almenni@almenni.is



Fræðslugreinar Almenna lífeyrissjóðsins eru skrifaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Sjóðurinn og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á ákvörðunum sem eru teknar á grundvelli efnis og upplýsinga sem birtast í greinunum. Lesendum er ráðlagt að kynna sér málin vel og fá ráðgjöf og upplýsingar frá fleiri en einum aðila áður en ákvarðanir eru teknar.